



## Efni: Samantekt athugasemda og svör vegna grenndarkynningar á Selvogsgötu 1

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltúra þann 1. maí sl var samþykkt grenndarkynna umsókn um byggingu á palli norðan við húsið að Selvogsgötu 1 og bygginu á geymsluskúr sem og ganga frá jarðraski á lóðinni. Skila átti inn athugasemdum fyrir 11. júlí. Þegar grenndarkynningartíminn var lokið komu í ljós þau leiðu misstök að formgalli var á grenndarkynningunni. Láðst hafði að minnast á í grenndarkynningunni á svalir sem reisa átti garðs megin á húsinu. En eingöngu hefði þurft að kynna svalirnar. Í deiliskipulagi sem öðlaðist gildi 7. júlí 2014 er gert ráð fyrir byggingarreit norðan við Selvogsgötu 1 er heimild til að byggja allt að 86 m<sup>2</sup> svo ekki var þörf á að grenndarkynna pallinn og geymsluskúrinn átt að eiga við um. Ný grenndarkynning var send út með frest til að skila inn athugasemdum til 14. ágúst sl.

Í báðum grenndarkynningunum barst samhljóma athugasemd frá sömu aðilunum

*Eigendur Brekkugötu 26, Sigurður Hlökkversson (kjallaraíbúð) og Yvonne Kristín Nielsen (fyrsta hæð)*

Athugasemd	Svar
Telja að erfitt sér að átta sig á hugtakanotkun bæjarins í þessum efnum, en ekki verður betur séð en að hér sé um algerlega nýtt erindi að ræða en ekki formgalla enda svalirnar ekki á málgaðar í erindi frá 8. júní. Því er haldið fram að ekki hafi þurft að kynna breytingar á lóð með vísan til núverandi deiliskipulags, frá árinu 2014, sem heimili 86 m <sup>2</sup> viðbyggingu við húsnæðið að Selvogsgötu1. Undirrituðvísatil úrskurðarúrskurðarnefndar umhverfis-og auðlindamála nr.12/2011 frá árinu 2015 í þessu efni.	Formgallinn á fyrri grenndarkynningunni var sá að það láðist að fjalla um það sem málið snérist um eða byggingu svalanna.  Í deiliskipulag sem öðlaðist gildi 7. júlí 2014 er gert ráð fyrir byggingarreit norðan við Selvogsgötu 1 þar sem heimilt er að byggja allt að 86 m <sup>2</sup> . Úrskurður nr. 12/2011 sem vísað er til er feld úr gildi breyting á deiliskipulagi miðbæjar frá 1981. Það deiliskipulag sem er í gildi á svæðinu í dag er heitir „Suðurbæ sunnan Hamars“ og öðlaðist gildi 7. júlí 2014.
Skv. erindinu (málsnr. 2206014/AMT) var sótt um leyfi til bæjarins fyrir uppbyggingu á sólpalli (sem nú þegar er byggður að hluta), sorpgeymslu ofan á honum og geymslu undir pallinum, sem mun liggja með fram vegg sem steypdur er norðan megin við Selvogsgötu1 (sjá með f. mynd sem merkt er sem mynd 1). Segir orðrétt í rökstuðningi bæjarins að með þessum framkvæmdum sé „verið að ganga frá jarðraski á lóðinni sem hafi verið ófrágengið um tíma.“ Bent er á að jarðrask þetta hefur fengið að standa í rúmlega áratugeða frá árinu 2009 skv. úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis-og auðlindamála nr.12/2011, en rétt er að geta þess að með úrskurðistofnunarinnar var ákvörðun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 27.	Bygging palls, geymslu og sorpskýlis fellur undir heimild til í deiliskipulagi „Suðurbæjar sunnan Hamars“ þar sem heimilað er að byggja 86 m <sup>2</sup> norðan við núverndi hús.  Aðrar athugasemdir sem fram koma í bréfi Sigurðar og Yvonne eiga við um eldra mál sem þau telja óuppgerð og tengjast ekki því sem grenndarkynningin frá 11. júní snérist um. Engar athugasemdir snúa að byggingu nýrra svara á húsið.



## Hafnarfjörður

<p>október 2010 um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar frá 1981 að því er varðar lóðina Selvogsgötu 1, Hafnarfirði, felld úr gildi.</p>	
<p>Eins og áður var getið er fyrirhugað að setja geymslu við vegg að Brekkugötu 26 og ruslageymslu þar ofan á. Undirrituð telja það umhugsunarefni enda stafar mikil eldhætta af sorpi eðli máls samkvæmt. Þá er sá möguleiki fyrir hendi að ruslageymslan muni draga úr birtuskilyrðum í ljósopi kjallaraíbúðar. Enn fremur eru uppi áhyggjur meðal íbúa af lyktamengun í tengslum við staðsetningu sorpsins. Er þá einkum horft til svefnherbergisglugga á fyrstu hæð að Brekkugötu 26 en það gæti rýrt virði eignarinnar.</p>	<p>Sorpskýlið stendur 1,26 m frá steypum vegg milli Selvogsgötu 1 og Brekkugötu 26 svo litlar líkur er á að íkveikjuhætta sé meiri þar en í sorptunnum íbúanna við Brekkugötu 26 sjálfra eða í timbur girðingu milli lóðanna. Einnig eru meiri líkur eru á að lykt frá sorpi íbúanna sjálfra við Brekkugötu 26 valdi þeim meiri óþægindum en lykt frá sorpi íbúa við Selvogsgötu 1.</p>